

## Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi

Á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

### 1. gr.

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þrír. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrirsgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2024:

Tekjumörk einstaklings á ári	Tekjumörk hjóna á ári	Gjald á klst 2024	
Undir 5.134.332	Undir 5.734.332	0	
Milli 5.134.332 – 8.445.976	Milli 5.734.332 – 8.601.498	728. kr	
Yfir 8.445.976	Yfir 8.601.498	1032. kr	

### 2.gr.

Notandi heimaþjónustu greiðir fyrir þrif á heimili en önnur félagsleg heimaþjónusta þ.e. umönnunarþjónusta og félagslegur stuðningur er endurgjaldslaus.

Gjaldskráin er endurskoðuð árlega.

### 3.gr.

Ákvörðun um synjun á lækun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu- og húsnæðismála. Skal það gert eigi síðar en þremur mánuðum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

### 4. gr.

Reglur þessar eru samþykktar af velferðarnefnd þann 31. október 2023 og öðlast gildi 01.01.2024